

## Fundargerð háskólaráðs 23. janúar 2018

### Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

**Mætt:** Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastýra kennslu og þjónustu, Guðrún Björk Friðriksdóttir verkefnastjóri nemendaskrár og fulltrúi starfsmanna, Helga Kristín Auðunsdóttir fulltrúi kennara í fjarveru SLE, Einar Svansson fulltrúi kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Teitur Erlingsson fulltrúi grunnema, Jóhannes Geir Guðnason fulltrúi grunnema og Berglind Sunna Bragadóttir fulltrúi grunnema.

**Fjarverandi:** Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Hróðný Kristjánsdóttir fulltrúi meistaránema, Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi háskólagáttarnema og Íris Gunnarsdóttir áheyrnafulltrúi íbúaráðs

Dagskrá:

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Samþykkt.

**2. Fjármál**

Rektor fer yfir rekstrartölur í samanburði við áætlun fyrir árið 2017. Vonast er eftir jákvæðri niðurstöðu fyrir árið, en endanlegar tölur liggja ekki fyrir. Skýrist með vorinu, en aðalfundur er í maí. Hann kynnir einnig rekstraráætlun fyrir árið 2018. Búist er við svipaðri afkomu og á árinu 2017.

**3. Eignasala**

Rektor kynnir að búið að ganga frá málum vegna sölu Sjónarhóls og íbúðahæða í Hamragörðum og verið að ganga endanlega frá málum vegna 1. hæðar í Hamragörðum og reksturs hótelsins. Stefnt er að undirskrift fyrir mánaðarmót. Skólinn þarf að endurskipuleggja húsnæðismál með tilliti til þessa bæði til skemmri og lengri tíma. Rektor kynnir allra fyrstu hugmyndir um úrlausnir, verið er að vinna með arkitekt að endurskipulagningunni. Skólinn keypti Samkaupshúsið og verður það einkum notað sem geymslur fyrir skólann.

**4. Gæðamál**

Rektor segir frá því að Signý Óskarsdóttir er komin til starfa í stað Ólafs Ísleifssonar í starf gæðastjóra, sem er hlutastarf. Ólafur er í leyfi frá störfum næstu fjögur ár. Verið er að vinna sjálfsmatsskýrslu í viðskiptadeild. Farið verður yfir gæðahandbókina á vordögum og hún uppfærð.

**5. Framkvæmd á stefnu skólans**

Rektor kynnir eftirfylgni með ákvörðunum um stefnu skólans, m.a. að áhersla verði lögð á að skólinn sé með áherslu á viðskiptafræði. Frá hausti 2018 verði fjarfundir 1x í viku í öllum námskeiðum í háskólagátt og í grunnnámi. Fjarfundir verði opnir fyrir alla nemendur og þeir verða teknir upp. Allir nemendur geti sett inn spurningar, nemendur sem búi á Bifröst verði leiðandi á fjarfundunum. Í alþjóðavæðingu er stefnt að nýju meistaránámi á ensku í

félagsvísinda- og lagadeild frá næsta hausti. Verið að skoða möguleika á nemendaskiptum við skóla í Istanbul. Bæta þarf ut anumhald vegna útskrifaða nemendur og skoða nánar breytingar á tilboðum um endurmenntun.

#### 6. Þjónustusamningur við ráðuneytið

Rektor segir frá að viðræður um nýjan samning við ráðuneytið séu komnar í gang á ný, en samningurinn rann út á síðastliðnu ári, en var framlengdur. Fyrir liggur samantekt frá ráðuneytinu um framkvæmd samningsins og skólinn hefur gert athugasemdir við hana. Næsti fundur verður í byrjun febrúar. Það verður unnið að málinu í febrúar og skýrist vonandi ekki seinna en í mars hvernig samningurinn hljóða.

#### 7. Yfirferð yfir regluverk skólans vegna kynbundinnar áreitni og ofbeldis

Rektor og framkvæmdastýra kennslu og þjónustu kynna viðbrögð skólans við bréfi frá menntamálaráðuneytinu frá desember 2017 og svarbréf skólans við því bréfi. Farið yfir næstu skref innan skólans til að endurskoða ferla og regluverk innan skólans vegna kynbundinnar áreitni og ofbeldis. Gert er ráð fyrir að háskólaráð taki sérstakan vinnufund um þetta verkefni og stefnt að slíkum fundi í febrúar.

#### 8. 100 ára afmæli

Rektor segir frá störfum afmælisnefndar, sem hefur verið í sambandi við nemendafélögin. Einhver viðburður í hverju mánuði ársins. Dagskráin samanstendur meðal annars af „slides“ myndasýningu, sveitaballi, golfmóti, listaverkasýningu, tónleikum og fleiru. Þann 3. desember verður síðan boðið til formlegrar afmælisveislu á Bifröst, sem verður síðasti viðburður ársins.

#### 9. Markaðsherferð á vorönn

Rektor segir frá markaðsherferðinni, skólinn verður með á háskóaldeginum 3. mars nk. og verðum eingöngu með kynningarbás í HÍ. Búið er að skipuleggja hringferð nemenda okkar um landið. Opinn dagur á Bifröst verður laugardaginn 2. júní nk.

#### 10. Önnur mál

- Berglind spyr um aðstöðu á Suðurlandsbraut, geta nemendur fengið aðstöðu þar t.d. fyrir hópvinnu. Framkvæmdastýra kennslu og þjónustu upplýsir að það hafi ekki verið ætlunin og mjög erfitt sé að koma slíku við.
- Rektor kynnir samantekt frá nefnd um bættu kennsluhætti sem var sett á laggirnar eftir umræðu á vettvangi háskólaráðs 31. maí 2017. Samantektin hefur verið kynnt í framkvæmdastjórn og deildarforsetar voru beðnir um umfjöllun í deildarráðum um hana. Fulltrúar nemenda ætla að kynna samantektina í miðstjórn.
- Rektor upplýsir að 17 nýnemar eru að koma í grunnnám á vorönn, í meistaranámi eru það 27 nemendur, alls eru því 44 nýnemar að byrja í háskólanámi á vorönn.

Fundi slitið kl. 16.30

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra kennslu og þjónustu